

SNIÐ B-B
MKV 1:100



SNIÐ C-C
MKV 1:100



SNIÐ A-A
MKV 1:100

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
24 AUG. 2015
Byggingarfulltrúi

Byggingarlýsing:

Túnsberg 4 Hrunamannahreppi

Nýbygging. Einbýlishús á einni hæð og tvöföld bílgeymsla tengd saman með millibyggingu þar sem í eru þvottahús og baðherbergi. Íbúðarhús og millibygging verða í áfanga 1 en bílgeymsla verður byggð í áfanga 2. Íbúðarhús og millibygging eru hönnuð með það í huga að hægt verði að flytja byggingahlutana af lóðinni í framtíðinni.

Byggingin fellur í notkunarflokk 3.

(12) (13) Undirstöður og gólfplata:

Undirstöður eru skv 8.1.4. gr. í BR nr.112 frá 24.jan 2012.

Steinsteypa í gólfplötu bílgeymslu er skv 8.3.1. og 8.3.11. gr. í BR nr.112 frá 24.jan 2012.

Staðsteyptir hefðbundnir sökklar koma undir alla byggingahluta.

Gólfplata í bílgeymslu er steinsteypt með halla að niðurföllum.

Sökklar og gólfplata eru einangruð með sökkulplötum.

Gólf í íbúðarhúsi og millibyggingu er hefðbundið einangrað timburgólf.

(21) (23) (27) Útveggir, timburgólf og þök

Burðarvirki í útveggjum og gólfi íbúðarhúss og tengibyggingar ásamt í þökum er skv 8.5.1. gr. í BR nr.112 frá 24.jan 2012. Einangrunarþörf hvers byggingahluta er skv töflu 13.01 í 13.3.2. gr. í BR nr. 112 frá 24.jan 2012. Allir byggingahlutar eru hannaðir þannig að þeir verði ekki fyrir skemmdum vegna uppsafnaðar rakaþéttingar. Þannig eru útveggjaklæðningar loftaðar og rakavarnarlag þétt sjá nánar í 10.5.5. gr. í BR nr. 112 frá 24.jan 2012.

Útveggir eru úr 125 mm timburgrind með 45 mm timburgrind að innan. Á milli er rakavarnarlag en þéttull er í timburgrind útveggja. Að innan eru veggir klæddir með hefðbundnum 12 mm spónaplötum en í votrýmum með rakaþolnum 12 mm spónaplötum. Að utan eru útveggir klæddir með 12 mm grenikrossvið, vindpappa, 12 mm krossviðsbútar, 28 mm timburgrind og 19 mm báruklæðning ásamt tilheyrandi þéttingum og áfellum. Vatnsbretti úr sama efni og báruklæðning eru yfir og undir öllum gluggum og hurðum og áfellur úr sama efni eru á og í öllum hornum, köntum og endum klæðninga. Sama gildir um frágang á þakklæðningu.

Timburgólf eru úr 200 mm timburgrind einangraðri með 200 mm þéttull. Rakavörn er ofan á bitum. Gólf eru klædd með 22 mm þykkum nótuðum spónaplötum ætluðum á gólf og ýmist flísalögð, með gólfdúk eða parketi eftir notkun rýma. Gólfkóti er lægstur í bílgeymslu en 180 mm hæðarmunur er upp á yfirborð gólfs í millibyggingu og svo aftur þaðan upp á yfirborð gólfs í íbúðarhúsi.

Burðarvirki íbúðarhúss er uppbyggt úr kraftsperrum með 225 mm efni í sperrum. Þak millibyggingar og bílskúrs er úr 225 mm burðarbitum/sperrum. Öll þökin eru einangruð með þéttull með áföstum vindpappa. Loftbil er milli sperra en klæðning ofan á sperrum er úr 25 mm timburborðum klæddum með vindpappa og bárujárni ásamt tilheyrandi áfellum. Þakkantar eru skornir í lóð og sperruendar klæddir af með timburklæðningu. Þakrennur eru utan á þakköntum, sýnilegar, og niðurfallsrör eru tengd við lagnir í jörð.

Þak á millibyggingu hefur brunagildi REI 60.

(22) Innveggir/milliveggir

Skv viðmiðunarreglu í BR nr. 112 frá 24.jan 2012 9.6.8. gr má nota klæðningu í flokki 2. Bílgeymsla skal þó vera með vegg- og loftaklæðningu í flokki 1.

Allir milliveggir eru uppbyggðir á samskonar máta þ.e. úr 50x100 mm timburgrind, klæddir með 12 mm spónaplötum og 12 mm rakaþolnum spónaplötum í votrýmum. Milliveggur við bílgeymslu er þó klæddur með tvöföldu lagi af 13 mm gifsplötum. Allir milliveggir eru einangraðir með þéttull. Veggir eru málaðir í ljósum lit.

(312) (314) Gluggar og hurðir

Allar hurðir og gluggar eru úr timbur-ál-kerfi með tvöföldu einangrunargleri og þar til gerðum þéttingum.

Hurð í brunahólfandi vegg er sjálfloka ndi eins og sýnt er á grunnmynd aðalhönnuðar.

Lagnir og lagnaleiðir

Allar lagnir eru lagðar í jörð og koma inn og upp í gegn um gólf og veggi. Inntak er í millibyggingu.

Upphitun er með hefðbundnu ofnakerfi nema í gólfi baðherbergja og bílskúr er gólfhiti.

Loftræsing er náttúruleg um opnanleg fög í gluggum og hurðum.

Gert er ráð fyrir neysluvatnskrönum á nokkrum stöðum utanhúss, sjá grunnmynd aðalhönnuðar.

Vélræn loftræsing skal vera skv hönnun verkfræðings í öllum votrýmum.

Lýsing, lampar og rafmagn úti

Utanhúss er gert ráð fyrir veggljósum á útveggjum skv teikningu aðalhönnuðar. Gert er ráð fyrir rafmagnstenglum úti á nokkrum stöðum, sjá grunnmynd.

Brunavarnir

Brunahólfun er á milli bílskúrs og milllibyggingar með EI 60 vegg.

Slökkvitæki eru við útganga og í bílskúr. Reykskynjarar eru í öllum byggingahlutum og eru samtengdir.

Kólnunartölur

Heildarleiðnitap er innan marka BR. Hámarks U-gildi byggingahluta er í samræmi BR, sjá í (21) (23) (27).

Skipulag lóðar

Bílaplan er fyrir framan bílageymslu fyrir amk 4 ökutæki og aðstaða er fyrir tvö ökutæki inn í bílgeymslu.

Bílaplan er malarplan með halla að niðurföllum. Hæsti punktur bílaplans er 25 mm neðar en lægsti punktur gólfplötu í bílgeymslu.

Við bílaplan er sorpflokkunaraðstaða í þar til gerðum einingum og hellulögð stétt í átt að öðrum byggingum á aðliggjandi lóðum.

Á suður og austurhlið við útihurðir er timburpallur í tveimur hæðarkótum sem miðast við hæðarkóta 25-30 mm neðar en gólfkóti inni í íbúðarhúsi og millibyggingu. Við norðaustur enda timburpallsins er skjólveggur úr timbri en þelm megin sem bílaplanið er er gert ráð fyrir gróðurkerum úr stáli eða timbri fyrir lágvaxinn trjágróður.

Fyrir aftan hús norðvestan megin er hellulögð gangstétt meðfram húsi og heitur pottur með loki í skjóli við lágvaxinn trjágróður og skógi vaxinn ás.

Litaval er í samræmi við önnur hús í næsta nágrenni.

Helstu stærðir:

Nettóflötur íbúðarhúss	158 m2
m. bílgeymslu	225 m2
Brúttóflötur íbúðarhúss	179 m2
m. bílgeymslu	254 m2
Rúmmál íbúðarhúss	678 m3
Rúmmál bílgeymslu	294 m3
Lóðarstærð	3488 m2
Nýtingarhlutfall	0,07

Sjá nánar í samantekt skráningartöflu.

Útg.	Skýring / Breyting.	Dags.	Teiknað	Yfirfarið
-	-	-	-	-
-	-	-	-	-
-	-	-	-	-
1	Útgáfa aðaluppdrátta og umsókn um byggingaleyfi	13.07.2015	ÞH	GM

Elvar Logi Gunnarsson, Sigfríð Lárusdóttir
VERKKAUPI / EIGANDI

Einbýlishús
TEGUND VERKS

Túnsberg 4, Hrunamannahreppi
GATA/STAÐSETNING

AÐALUPPDRÁTTUR
SNIÐ OG BYGGINGALÝSING

LANDNÚMER:	223301
STAÐGR.:	8710-2-00083004
MHL:	01
MKV.:	1:100
BLAÐSTÆRÐ:	A2
ÚTGÁFA DAGS:	13.07.2015
TEIKNAÐ:	ÞH
YFIRFARIÐ:	GM

15050 VERKNR. **303** RAÐNR. – **1** ÚTGÁFA

VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 585-9000, SÍMBRÉF 585-9010, NETFANG vso@vso.is
Gubjartur Magnússon
Gubjartur Magnússon BFÍ
kt: 250377-3209

ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Tölvuskrá: C:\Users\Thordis\OneDrive\Documents\Verk\2015\1502-Tunsberg\MODEL\15050-303.dwg